

aflí. Form verkanna eru töfrandi og áferð einstök, allt í senn þunn og létt, gagnsæ og fljóttandi. Gleríð virðast lifandi í meðförum Chihuly og líklegt til að fara á hreyfingu þá og þegar.

Strik í reikninginn

Þegar grafið er fyrir um feril Chihuly kemur í ljós að hann hefur haft afgerandi áhrif á notkun glers bæði í listhönnun og myndlist. Gler er ekki efni sem myndlistarmenn hafa notað mikið í gegnum tíðina en Chihuly hefur laðað fram áður óþekkta möguleika þess og þannig vakið vakið á því endurnýjaðan áhuga. Verk hans sjálfs hafa með tímanum þróast frá því að vera líkust hefðbundnum listmunum til flókinnar glerskúlpútra og innsetninga sem eru sett saman úr ótalmörgum glerhlutum.

Því miður fengum við ekki tækifæri til að spyrja Chihuly sjálfan út í verkin á blaðamannafundi á Kjarvalsstöðum á fimmtudag, þar sem hann frestaði komu sinni til landsins alveg óvænt vegna yfirvofandi verkfalla. Hann hefur þó vonandi skipt um skoðun þegar ljóst var að verkfallshættan var liðin hjá, því um helgina stendur til að hann fremji einskonar glergjörning fyrir utan borgina. Listamaðurinn mun þá fara ásamt aðstoðarmönnum sínum og þrjátíu nemendum úr Listaháskólanum út í náttúruna til að setja upp tímabundnar innsetningar úr 600 glerformum,


segir Jennifer og svarar því játandi að víst sé glerblásturinn líkamlega erfður.

Með her aðstoðarfólks

Ítalíudvölin olli straumhvörfum í lífi Chihuly og hafði afdrifarík áhrif á vinnuaðferðir hans sem vekja allsstaðar athygli. Jennifer fullyrðir þó að enginn hafi haft áhuga á verkunum í heil tíu ár frá því hann lauk námi, eða ekki fyrr en undir lok áttunda áratugarins. „Það skiptir miklu máli að listamenn hafi trú á sjálfum sér og því sem þeir eru að gera. Að þeir haldi áfram að þróa verk sín þótt enginn vilji líta við þeim í byrjun,“ segir hún.

Chihuly er vissulega fordæmi um að slík þrautseigja getur að sig, því verk hans eru í eigu allra helstu hönnunar- og glerlistasafna í Bandaríkjunum, Evrópu og Asíu auk margra fagur- og nútímalistasafna. Hann ferðast út um allan heim með sýningar sínar en setti síðast upp stóra sýningu í garði Davíðsturnsins í Jerúsalem, sem hýsir sögusafn borgarinnar. Í garðinum kom hann fyrir nítján upplýstum innsetningum, sumum margra metra háum.

Chihuly er með 150 manns í vinnu og minna vinnuaðferðir hans að mörgu leyti á gömlu meistarana, sem höfðu aðra lista- og handverksmenn sér til aðstoðar. „Það á vel við Dale að vinna í hópi,“ segir Jennifer og líkir honum við arkitekt eða kvikmyndaleikstjóra. „Honum finnst gaman að vera á mörgum stöðum í einu



Venturi gluggi í Listasafninu í Seattle árið 1992.

sem hann lét blása fyrir sig í Finnlandi. Guðmundur Ingólfsson ljósmyndari ætlar að festa gjörninginn á filmu sem síðan verður gefinn út á bók.

Missti dýptarskynið

Fyrstu aðstoðarmennirnir komu hingað með verkunum, sem voru flutt til landsins í gámum, strax í síðustu viku. Þeir setja þau upp samkvæmt tilmælum frá Chihuly sem fékk allar upplýsingar um vestursal Kjarvalsstaða sendar til Bandaríkjanna. Aðstoðarkona hans, Jennifer Perrell Lewis, hefur hönd í bagga með útliti sýningarinnar og það kemur í hennar hlut að útskýra vinnuaðferðir Chihuly. „Núorðið blæs hann mest lítið af glerinu sjálfur,“ segir hún. „Hann lenti í bíslýsi í Englandi árið 1977 og missti þá annað augað, sem þýðir að hann hefur ekkert dýptarskyn. Hann á erfitt með að blása sjálfur þess vegna en það er ekki eina ástæðan.“

Chihuly hafði verið sagt í skóla að ef hann sæi ekki um blásturinn sjálfur gætu verkin ekki talist höfundarverk hans. Viðhorf hans breyttust fljótleiga eftir að náminu lauk. „Hann fór til Ítalíu og komst að því að þar er gler blásið í hópi. Þannig er hægt að gera fleiri, stærri og flóknari muni,“

og treystir aðstoðarmönnum sínum fullkomlega til að setja verkin upp.“ Stóru skúlpúrararnir sem eru settir saman úr fjölda keimlíkra lífrænna forma, hlýta engum fyrirfram ákveðnum leiðbeiningum um uppsetningu. „Aðstoðarmennirnir þekkjá fagurfræði Chihuly og eru færir um að setja verkin upp samkvæmt henni,“ segir Jennifer.

Eiginleikar glersins

Öðru máli gildir um gerð sjálfra verkanna. „Þar sem hann blæs ekki lengur sjálfur gerir hann teikningar og malar myndir, eins og þær sem sjá má á sýningunni. Aðstoðarfólkið styðst við þær, en hann segir því í hvaða átt það á að beina blæstrinum og hvaða liti á að nota.“ Þetta þýðir ekki að hann sé ónæmur fyrir hugmyndum annarra eða hafi nákvæma útkomu verkanna í huga. „Dale hlustar á hugmyndir annarra en yfirleitt þróa hann þær áfram. Hann er hrifinn af edlislægum eiginleikum glersins og lætur það frekar ráða ferðinni en beina því inn á brautir sem henta því ekki.“ Chihuly lýtur ekki aðeins á glerið sem efnivið sinn, segir Jennifer. „Hann vinnur einnig með hitann, þyngdarflíð og sjálfan blástur mannsins.“

MEÓ.

Vélahlutir

VARAHLUTAVERSLUNIN
KISTUFELL

BRAUTARHOLT 16 • 562 2104
Fax 562 2118 • e-mail: kistufell@isholf.is

Viðurkenndir (original) vélahlutir á góðu verði

Varnarliðið á Keflavíkurflugvelli

óskar eftir umsækjendum á skrá í eftirfarandi starfsgreinar:

Rafvirkjun
Rafeindavirkjun
Símsmíðar
Tölvustörf
Skrifstofustörf
Slökkviliðsstörf
Málarastörf
Pípulagnir
Trésmíðar
Blikksmíðar
Bifvélavirkjun
Bílamálun
Matreiðslu
Verkamannastörf

Um er að ræða bæði fastar stöður og sumarafleysingar.

Lágmarksaldur er 18 ár.

Umsóknir skulu berast sem fyrst þar sem sum störfin eru laus nú þegar.

Sumarafleysingar hefjast á tímabilinu frá maí til júní.

Núverandi starfsmenn Varnarliðsins skili umsóknum til Starfsmannahalds Varnarliðsins.

Aðrir umsækjendur skili umsóknunum til Varnarmálaskrifstofu Utanríkisráðuneytisins, ráðningardeild, Brekkustíg 39, 260 Reykjanesbæ.

Nánari upplýsingar í síma 421 1973. Bréfsími 421 5711.

Varnarstöðin á Keflavíkurflugvelli er ellefta stærsta byggðarlag landsins. Auk varnarviðbúnaðarins eru þar reknar allar almennar þjónustustofnanir, svo sem verslanir, skólar, kirkjur, fjölmíðlar, tómstundastofnanir, veltindahús og skemmtistaðir. Tæplega 900 Íslendingar starfa hjá Varnarliðinu auk bandarískra borgara og hermanna.

Jafn réttur kynjanna til starfa er mikils virtur. Ókynbundnar starfslýsingar eru fyrir hvert starf og eru þær grundvöllur kerfisbundins starfsmats.

Störf þau sem Íslendingar vinna hjá Varnarliðinu eru mjög fjölbreytileg. Þar finnast hliðstæður flestra starfa á Íslenskum vinnumarkaði auk margra sérhæfðra starfa. Íslenskt starfsfólk hefur aðgang að mjög góðu mótuneyti auk skyndibitastaða.

Vinnuveitandi tekur þátt í kostnaði vegna ferða til og frá vinnu. Þjálfun starfsfólks, hérlendis og erlendis, er fastur liður í starfsemi en breytileg eftir störfum.

Varnarliðið er reyklaus vinnustaður. Starfsmönnum býðst góð aðstaða til líkamsræktar.



www.visir.is
FYRSTUR MED FRÉTTIRNAR